

Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 26. mars 2007
Tímasetning fundar: 17:00 – 19:00
Fundarstaður: Kaffihúsið Amokka, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Mætt
Fríða Albertsdóttir (FA)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)		Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)		Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)		Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Formleg stjórnarskipti og verkaskipting innan nýrrar stjórnar

ÁHB setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til stjórnarskiptafundar Gígjunnar. Fráfarandi stjórn afsalaði sér völdum og ný stjórn var boðin velkomin til starfa. Nýja stjórnin skipti með sér verkum en aðalfundur hafði kosið Sigrúnu Óskarsdóttur næsta formann Gígjunnar.

Aðalstjórn Gígjunnar næsta starfsár skipa eftirtaldir fulltrúar:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ), Kvennakór Hafnafjarðar	Formaður
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS), Kyrjurnar	Varaformaður
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG), Gospelsystur Reykjavíkur	Gjaldkeri
Puríður Pétursdóttir (PP), Kvennakór Reykjavíkur	Meðstjórnandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG), Vox feminae	Ritari



Heiða Linda Puríður Sigrún Dagbjört

Varastjórn Gígjunnar skipa eftirtaldir fulltrúar:

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir (AÓG), Kkór Suðurnesja	Varamaður
María Vilhjálmisdóttir (MV), Kvennakór Garðabæjar	Varamaður
Þorgerður Valdimarsdóttir (PV), Vox feminae	Varamaður

Margrét Bóasdóttir verður áfram verndari Gígjunnar og stjórninni til ráðgjafar þegar þurfa þykir. HG hafði safnað saman upplýsingum um nýju stjórnina (símanúmer og netföng) farið var yfir þann lista og hann leiðréttur. HG mun koma þeim upplýsingum inn á vefsetrið og senda til stjórnar (aðal og vara) í tölvupósti. Ákveðið var að senda öll fundarboð og allar fundargerðir einnig á varamenn Gígjunnar. HG mun, eins og áður, senda allar fundargerðir til stjórnar til yfirlstrar/samþykktar áður en þeim er komið fyrir inni á vefsetrinu.

2. Tengiliðir við aðildarkóra Gígunnar

Ákveðið var að stjórnin skipti aðildarkórum Gígunnar á milli sín eins og verið hefur undanfarin ár. Þá ber stjórnarmeðlimur ábyrgð á samskiptum við ákveðna kóra og hefur frumkvæði að því að hafa samband við sína kóra a.m.k. tvisvar sinnum á hverju starfsári. Búinn var til "tökklisti" yfir samskiptin, HG mun senda stjórnarmeðlimum tékklistann í tölvupósti. Málið er í vinnslu. Skiptingin er eftirfarandi:

Kyrjurnar	Þuríður
Sandlóurnar	Þuríður
Kvennakórinn Ymur	Þuríður
Kvennakórinn Norðurljós	Þuríður
Kvennakór Reykjavíkur	Sigrún
Kvennakórinn Seljurnar	Sigrún
Kyrjukórinn Þorlákshöfn	Sigrún
Kvennakór Bolungarvíkur	Sigrún
Vox feminae	Dagbjört
Kvennakór Suðurnesja	Dagbjört
Gospelsystur Reykjavíkur	Dagbjört
Jórukórinn	Dagbjört
Freyjukórinn í Borgarfirði	Linda
Kvennakór Garðabæjar	Linda
Kvennakór Hafnarfjarðar	Linda
Kvennakórinn Ljósbrá	Linda
Kvennakór Akureyrar	Heiða
Kvennakór Hornafjarðar	Heiða
Kvennakór Kópavogs	Heiða
Heklurnar	Heiða

3. Safna saman upplýsingum um landsmót

Stjórnarmenn skiptu á milli sín "landsmótunum" en ákveðið var að halda áfram þeirri vinnu að safna upplýsingum um þau landsmót sem haldin hafa verið með það að markmiði að koma þeim upplýsingum inn á vefsetur Gígunnar. Farið var yfir tékklista sem hægt er að styðjast við við upplýsingasöfnunina. HG mun sjá um að koma þessum upplýsingum inn á vefsetrið. Málið er í vinnslu. Skiptingin er eftirfarandi:

Röðun	Ár	Staðsetning	Mótshaldarar	Tengiliður
1	1992	Félagsheimilið Ýdalir	Kvennakórinn Lissý	Heiða
2	1995	Reykjavík	Kvennakór Reykjavíkur	Þuríður
3	1997	Reykholzt Borgarfirði	Freyjukórinn í Borgarfirði	Linda
4	1999	Siglufjörður	Kvennakór Siglufjarðar	Sigrún
5	2002	Reykjanesbær	Kvennakór Suðurnesja	Dagbjört
6	2005	Hafnarfjörður	Kvennakór Hafnarfjarðar	Sigrún

3. Næsta landsmót

Næsta landsmót íslenskra kvennakóra verður haldið á Hornafirði 25. – 27. apríl 2008. Ákveðið var að hafa samband við Kennakór Hornafjarðar og biðja hann um að koma með kynningu á landsmótinu inn á framhaldsaðalfundinn sem haldinn verður í haust. Rætt var um mögulega aðkomu stjórnar Gígunnar að landsmótinu og málin rædd. HG mun taka það að sér að hafa samband við Kvennakór Hornafjarðar til þess að biðja hann um að vera með kynningu/erindi á fundinum. Málið er í vinnslu.

4. Næsti aðalfundur SAMNAM

Gígunni hefur borist fundarboð um næsta fund hjá SAMNAM sem haldinn verður í Gautaborg 21. – 23. september 2007. Rætt var um að sækja um styrki til að geta sent fulltrúa á fundinn. Málin rædd. Málið er í vinnslu.

5. Hljómdiskaútgáfa aðildarkóranna

PP kom með þá hugmynd að hafa yfirlit yfir alla geisladiska sem aðildarkórar Gígunnar hafa gefið út á einum stað á vefsetrinu. Eins og þetta er í dag að þá er yfirlit yfir hvern kór fyrir sig en ekki sameiginleg síða. Málin rædd og ákveðið að HG skoði möguleikann á þessari uppsetningu á vefsetrinu. Málið er í vinnslu.

4. Mál sem eru í vinnslu

ÁHB fór yfir þau mál sem eru í vinnslu hjá stjórn Gígunnar í dag (t.d. vefsetrið, Fjölís og SFH) þannig að nýjar stjórnarkonur fái örlitla yfirsýn yfir það sem er í gangi. Þeim er bent á að lesa yfir eldri fundargerðir til þess að fræðast um forsögu mála. Málin rædd og spurningum svarað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ákveðið að hafa næsta fund 21. maí 2007.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.